



YFIRLÝSING FORSETA ÍSLANDS

Fyrr í morgun gekk forsætisráðherra á fund minn vegna þeirra tíðinda að ráðuneyti hans nýtur ekki lengur meirihlutastuðnings á Alþingi. Forsætisráðherra baðst því lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. Ég samþykkti þá lausnarbeiðni en fól forsætisráðherra og ráðuneytinu að sitja áfram uns ný ríkisstjórn hefur verið mynduð í samræmi við stjórnskipun landsins. Á fundi okkar ræddum við einnig þá eindregnu ósk allra þingflokka að þing verði rofið og gengið til kosninga innan fárra vikna.

Eftir hádegi mun ég kalla leiðtoga annarra stjórn málaflókka á Alþingi á minn fund og fá staðfest sjónarmið þeirra um þingrof og kosningar. Að því loknu má vænta frekari tíðinda í þeim efnum. Eftir helgi mun forsætisráðherra ganga á minn fund á ný.

16. september 2017